

## Foreldrafélag leikskólans Tjarnarskógar

- fundur haldinn þann 29. janúar 2020 kl. 20.30 á Gistihúsinu á Egilsstöðum

Mættir fyrir hönd foreldrafélagsins: Þorgeir Arason, Elísabet Tómasdóttir, Lilja Kristín Jónsdóttir og Björg Eyþórsdóttir. Fyrir hönd leikskólans situr fundinn Sigríður Herdís Pálsdóttir, leikskólastýra.

Fundarritari: Björg Eyþórsdóttir.

1. Fyrsta mál á dagskrá er Dagur Leikskólans sem er þann 6. febrúar n.k. Foreldraráð hefur hingað til borið hitann og þungann af þessum degi en óska nú eftir okkar aðkomu. Reynir Hólm, sem situr í foreldraráði, ætlar að skrifa grein um leikskólastarfið sem mun birtast í Austurfrétt. Björg og Lilja taka að sér að versla og útbúa glaðning fyrir starfsfólkið á kaffistofurnar þennan dag. Þorgeir lætur foreldraráð vita að við munum sjá um þetta. Sigga Dís segir okkur einnig frá því að elsti árgangur leikskólans fer og hittir bæjarstjóra og fræðslufulltrúa upp á bæjarskrifstofu þennan dag auk þess sem vöflukaffi verður fyrir foreldra á leikskólanum í lok dags.
2. Rætt um að gera foreldrafélagið sýnilegra t.d. með því að pósta á facebook því sem við erum að gera. Björg tekur að sér að pósta mynd af glaðningunum sem við förum með á Degi leikskólans og þá í leiðinni að segja frá því að foreldrafélagið hafi styrkt Soroptomistaklúbb Austurlands fyrr í vetur.
3. Gjaldkeri greinir frá fjármálastöðu félagsins og innistæðum reikninga.
4. Rætt var um í haust að fá fræðsluerindi frá sálfræðingum á Skólaskrifstofu Austurlands en það hefur ekki komist í ferli enn. Lilja tekur að sér að tala við Ölmú og athuga hvort hún tekur slíkt að sér - hugsanlega um jákvæð samskipti eða svefn barna. Reiknað með að hafa það erindi ekki á sama tíma og aðalfund, hafa það að kvöldi til og hugsanlega bjóða upp á léttar veitingar og auglýsa það vel t.d. á facebook síðu leikskólans og "Íbúar Fljótsdalshéraðs". Stefnum að því að hafa þetta í febrúar/mars, ræðum einnig raunhæfan kostnað.
5. Sveitaferð fyrirhuguð 9. eða 16. maí (á laugardegi) með sama sniði og í fyrra - þ.e. tala við Obbu og Guðna á Lynghól og foreldrar fari sjálfir með börnin sín. Ræðum um að óska eftir að fá ábendingar um nestisaðstöðu hjá þeim ef fólk óskar eftir því að taka slíkt með. Þorgeir tekur að sér að hafa samband við þau.

6. Útskrift elsta árgangsins er 20. maí. Sumargleðin verður haldin 27. maí, stefnum að því að hafa hana með sama sniði og í fyrra en fundur verður haldinn þegar nær dregur til frekari skipulagningar (í apríl). Á þeim fundi fer einnig fram undirbúningur aðalfundar, sem haldinn verður 12. maí.

Fundi slitið kl. 21.30.